Reykjavík, 2. ágúst 1857.

Ástkæri vinur minn!

Jeg á nú að þakka þjer fyrir víst 4. brjef, dagsett 2. 8. 16. Juni og 4. f. m., með sum um þeirra bækur og ýmsblöð, sem þú verður að láta mig í hvert sinn vita verðá, en það hefur gleymzt með Keilir og Kröflu og annað Homöopatharitið, og þakka jeg þjer enn og aptur fyrir allar þessar útvegur, þó markaskrárnar þyki mjer einna rýrast fyrir mig, en allt historiskt um íslenzka menn, ertiljóð, grafskriptir, æfiminningar og lékræður vil jeg helzt biðja þig fyrir að útvega mjer, því þar af vil jeg engu sleppa. Húnvetning fæ og til sölu, og Sveinn hefir lofað að láta mig fá gömlu útgáfuna af Jónslagabók. Fyrra hepti af Ljóðasafni Laxdals vantar mig. En eptir að jeg er nú búinn að sjá og skoða frágánginn á 2. hepti Ljóðasafns get jeg ekki af mjer fengið að láta hann fá neitt. Þú skalt sitja fyrir því, ef þú vindur bráðan bug að því að gefa út ljóðasafn, en jeg kalla bráðan bug, þó ekki sje fyr en eptir ár, og það sem þú þarft fyrir handritið að gefa, undirbúið og hreinskrifað til prentunar eru 8^tr^, (fyrir það sem ter á hverja prentaða örk í formi sem nýfelagorit) því jeg er nú orðinn svo latur við aukaskriptir, en trúi ekki öðrum betur en mjer til að undirbúa þess háttar. En ábata mest fyrir þig verður að gefa útrímur, og helzt af öllu eptir Sigurð Breidfjörð, því bæði eru hans rímur lángbeztar, og þar til hefur Sigurður unnið almenningshylli og álit að maklegleikum. En gerðu það fyrir mig, gefðu út allar

317